

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 10. ágúst 2015
UST201507-076/B.S.
10.05.08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Kaldá í Önundarfirði. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Hér er um að ræða rennslisvirkjun við Kaldá á Hvilftarströnd. Uppsett afl virkjunarinnar verður 600 kW. Inntaksstífla verður að hámarki 18 m að lengd og 3 m á hæð. Lengd aðveitulagnar er um 1130 m. Stöðvarhús verður staðsett neðan Flateyrarvegar flatarmál þess verður allt að 70 m². Leggja þarf veg meðfram aðrennslispípu, en gert er ráð fyrir að sá vegur verði fjarlægður að framkvæmdum loknum og viðhaldi sinnt með fjór- eða sexhjólum. Slóð liggur frá Flateyrarvegi að stöðvarhúsi.


Kaldá er ekki talin fiskgeng. Fram kemur í greinargerð Náttúrustofu Vestfjarða að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafi hvorki fundist fugla- eða plöntutegundir sem skilgreindar eru á valista. Engu votlendi verður raskað við framkvæmdina. Þar sem graslendi er ríkjandi á framkvæmdasvæðinu ætti að verða auðvelt að græða svæðið upp að framkvæmdum loknum.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Adalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri